

# Skólaráðsfundur

13. apríl 2022

## Mættir:

Herdís Erna Gunnarsdóttir, skólastjóri og fundarstjóri; Kristján Elvar Meldal, fulltrúi kennara og ritari; Stefanía Björg Jónsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskóla; Ragnheiður Helga Bæringsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla; Guðrún Björg Bragadóttir, fulltrúi foreldra grunnskóla; Benóní Meldal Kristjánsson, fulltrúi nemenda; Daníel Freyr Skjaldarson fulltrúi nemenda; Katrín Lilja Ólafsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna. *Forfallaður*: Kristján Ingi Arnarson, fulltrúi foreldra leikskólabarna.

**Fundur settur:** 10:03, fundi slitið 13:00.

1. Skólastjóri afhendir fundarfólki Handbók fyrir skólaráð, Reglugerð um skólaráð og skóladagatal.
2. **Skóladagatal 2022-2023** – Skólastjóri kynnir, umræður. Samþykkt samhljóða.
3. **Ný heimasíða** – Skólastjóri kynnir. Ný heimasíða fer í loftið í haust.
4. **Innra mat**. Farið yfir könnun um líðan nemenda frá í desember. Skólastjóri kynnir, umræður. Umræður um kennsluáferðir. Umræður um hrós og skammir. Umræður um skipulag lífsleiknikennslu. Ekki er búið að senda könnun til foreldra leik- og grunnskólabarna um líðan barna þeirra.
5. **Málefni frá fræðslunefnd 3.3.2022:** Íþróttastarf grunnskóla. Skólastjóri kynnir, umræður, rætt um að nýta sundlaug á Laugum. Umræður um skipulag. Hrós fyrir skipulag og upplýsingagjöf íþróttasund -kennslu.

## Svar skólaráðs við greinargerð Önnu Berglindar sem er vísað til skólaráðs frá fræðslunefnd.

*Skólaráð metur sem svo að íþróttakennslu barna sé fullnægt í Búðardal fyrir utan sundkennslu á elsta stigi. Að því sögðu mælist skólaráð til þess að nýta sundaðstöðuna á Laugum til að fullnægja sundkennslu elstu nemenda á tímabilinu ágúst-október og mars-maí. Skólaráð telur að yngri nemendum sé ekki fyrir bestu að ferðast á milli Búðardals og Lauga yfir skólaárið í hverri viku. Upphafleg ákvörðun sveitarstjórnar að nýta aðstöðuna í Búðardal var að nemendur úr dreifbýli voru að eyða of löngum tíma í skólabíl út frá lögum (4. gr. reglugerð nr. 656/2009. Reglur um skólaakstur í grunnskóla). Þá mælist skólaráð einnig til þess að sveitarstjórn beri saman kostnað aksturs á milli Búðardals og Lauga á móti því að dýpka og lengja núverandi sundlaug í Búðardal.*

6. **Starfsáætlun Auðarskóla**, send til skólaráðs í tölvupósti, ekki rædd
7. **Drög að Starfsreglum skólaráðs Auðarskóla** og **Drög að starfsáætlun skólaráðs 2022-2023**. Skólastjóri kynnir, umræður og breytingar. Drög samþykkt.
8. **Önnur mál**
  - a. Skólastjóri kynnir og ræðir um kosningar og skipulag stjórnar nemendafélags.
  - b. Skólastjóri ræðir um tónleika nemendafélagsins.
  - c. Rætt um að búa til búninga fyrir öskudaginn í skólanum. Hægt að tengja við Hönnunarsamkeppnin Stíll á vegum Samfés.
  - d. Rætt um varðveislu efnis skólans t.d. myndir, myndbönd, árshátíðir og fleira.
  - e. Rætt um greiðsluþátttöku vegna Reykjaferðar og Laugarvatns.
  - f. Tillaga um að bjóða upp á valáfanga um hesta.
9. **Vísað til næsta fundar skólaráðs**
  - a. Semja erindi til sveitarstjórnar um skólarjóður.
  - b. Semja erindi til sveitarstjórnar um notkun spjaldtölva.

Fundargerð ritaði Kristján Elvar Meldal.